



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Kynning á starfi MK

Fundur með forráðamönnum nýnema

3. sept 2019



Hvað er INNA ?

- ✓ Upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla
- ✓ Þar er haldið utan um skipulag náms, skráningu nemenda, stundatöflu, bókalista, próftöflu, námsferil, einkunnir og viðveru
- ✓ Forráðamenn hafa sjálfkrafa aðgang að INNU að 18 ára aldri nemandans og geta fylgst með viðveru og námsferli – þegar nemandi verður 18 ára getur hann áfram veitt forráðamanni aðgang.



Hvernig kemstu á Innu ?

- ✓ Fara inn á heimasíðu MK www.mk.is / www.inna.is.
- ✓ Hægt er að nota íslykil/rafræn skilríki.

island.is

Þá færðu tvö möguleika.

Íslykill	Rafræn skilríki
<ul style="list-style-type: none">❖ Ef þú vilt nota ÍSLYKIL þá skrifarðu kennitöluna þína í reitinn	<input type="text" value="Sláðu inn kennitölu"/>
<ul style="list-style-type: none">❖ og svo lykilorðið þitt	<input type="text" value="Sláðu inn Íslykil"/> 
<ul style="list-style-type: none">❖ og ýtir á lokum á	<input type="button" value="Staðfesta"/>
<ul style="list-style-type: none">➤ Ef þú vilt nota RAFRÆN SKILRÍKI þá skrifarðu símanúmerið þitt í reitinn	<input type="text" value="7 stafa símanúmer, síminn ólæstur"/>
<ul style="list-style-type: none">➤ og ýtir svo á	<input type="button" value="Innskrá"/>
<ul style="list-style-type: none">➤ ferlinu lýkur þú svo með því að setja lykilorðið þitt inn í símann.	



Hvað er Moodle ?

- ✓ Moodle er kennslumhverfi þar sem hver og einn áfangi hefur sitt svæði. Kennarar setja þar inn kennsluáætlanir, próf, verkefnaskil, námsefni og ýmislegt varðandi dagleg samskipti kennara og nemenda
- ✓ Forráðamenn eru ekki með aðgang að Moodle en geta fengið aðgangsorð og lykilorð hjá börnum sínum vilji þeir fylgjast með
- ✓ Forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með heimanámi og ástundun frá upphafi



Mætingakerfið

- ✓ 90% lágmarks skólasókn yfir önnina
- ✓ Fari nemandi í 93% er send rafræn viðvörðun á nemanda og forráðamann
- ✓ Leyfi eru veitt í undantekningartilfellum. Skila þarf inn leyfisbréfi sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans. Fjarvera er á ábyrgð forráðamanna. Ekki gert ráð fyrir tilfærslu á verkefnum og prófum. Forráðamenn hvattir til að taka ekki börn sín úr skóla á starfstíma hans
- ✓ Á heimasíðu skólans er skóladagatal 2019-2020, þar má sjá prófatímabil, vetrarfrí, jólafrí, sumarfrí og fl.



Veikindaskráning

Eingöngu er hægt að skrá veikindi samdægurs.

The screenshot displays the INNA student portal interface. At the top, there is a navigation bar with the INNA logo, language options (IS / EN), and user information (H.H.E.). Below the navigation bar, the main content area is divided into several panels:

- Stundatafla** (Schedule): A table showing the student's schedule for Friday, August 28. The schedule includes courses like ENSK2H005, ÍSL303, DAN212, FÉL273, ÍÞR262, LEIÐJS05, and STÆR2HM05.
- Nýjar fjarvistir** (New assignments): A list of assignments for August 26, including FÉL273 and ÍÞR262.
- Tilkynningar** (Notifications): A list of notifications, including a reminder for a class meeting on August 25 and a notification for a class on August 27.
- Áfangar** (Courses): A list of courses, including Danska (Danish) and Enska (English).
- Próf** (Exams): A section for exams, currently showing "Engin próf skráð!" (No exams registered!).
- Verkefni** (Assignments): A list of assignments, including Kafflapróf #1, Tímaritun, and Hlustunarpróf.
- NÁMSGAGNALISTI** (Course Evaluation): A section for course evaluations.
- SKRÁ VEIKINDI** (Register Illness): A button for registering illness, highlighted with a blue arrow.
- MÖTUNEYTI** (Attendance): A section for attendance.
- PRÓFTAFLA** (Exam Schedule): A section for the exam schedule.
- HEIMAVINNA** (Homework): A section for homework.

At the bottom left, there is a **Minnislisti** (Remembered) section with a "Skoða sögu" (View history) button.



Veikindaskráning frh.

Þar eru skráð veikindi ásamt því að setja inn athugasemd ef við á. Veikindatilkynning er send inn með því að smella á pennann og þá kemur upp tilkynning ef skráning tókst

The screenshot shows the INNA web application interface. At the top, there is a navigation bar with the INNA logo, menu items 'Stundatafla', 'Verkefni/Próf', 'Áfangar', and 'Námið', and a language selector 'IS / EN'. On the right, there are icons for user profile, home, and email. Below the navigation bar is a green header with a sad face icon and the text 'Skrá veikindi'. The form below has four fields: 'Nemandi' (Name), 'Kennitala' (ID Number), 'Í dag' (Today), and 'Athugasemd' (Comment). The 'Nemandi' field contains a blue dropdown menu. Below the fields is a green 'Senda inn' button.

Starfsmaður skólans þarf að samþykkja veikindaskráningu í gegnum Innu til þess að það færist inn í viðveruskráningu nemandans. Þegar veikindaskráning er staðfest þá sendist póstur á þann sem átti færsluna

Vegna heimsóknna til læknis/tannlæknis o.fl geta nemendur komið með kvittun á skrifstofu skólans og þá er leyfi skráð



Stúdentsbrautir – 200 einingar

- ✓ Félagsgreinabraut og félagsgreinabraut - afreksíþróttasvið
- ✓ Opin braut og opin braut - afreksíþróttasvið
- ✓ Raungreinabraut og raungreinabraut - afreksíþróttasvið
- ✓ Viðskiptabraut og viðskiptabraut – afreksíþróttasvið

www.mk.is - nánari upplýsingar, brautarlýsingar og áfangalýsingar



Kjarni er eins á öllum brautum

• Íslenska	20 ein
• Stærðfræði	10-15 ein
• Enska	15-20 ein
• Íþróttir	4 ein
• Umsjón/nýnemafræðsla	1 ein
• Læsi	10 ein
• Þriðja mál (fra/spæ/þýs)	15 ein
• Danska	5 ein
• Lokaverkefni	5 ein
• Félags- /raungrein (af annarri braut)	10 ein
	Samtals 100 einingar



Brautarkjarni og val

- Sérhæfing innan brautar 50 ein
- Val 50 ein
- Í valinu eru nemendur hvattir til að dýpka enn frekar þekkingu sína
- Á viðskipta- og raungreinabraut er búið að binda meiri stærðfræði og þar með minnkar valið á þeim brautum. Nemendur á opinni braut setja sjálfir sitt nám saman – 100 einingar (mikilvægt að vita hvert þau stefna að námi loknu)



Nýnemar f. 2003

Allir nýnemar eru skráðir í eftirfarandi áfanga á fyrsta ári:

- Nýnemafræðslu – fundir einu sinni í viku með umsjónarkennara
- Íþróttir
- Læsi– þverfaglegur áfangi þar sem nemendum eru kennd mismunandi vinnubrögð, heimildaleit, tjáning, sköpun, læsi, lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði, velferð o.fl.
- Íslensku
- Ensku
- Dönsku/stærðfræði
- 1 áfangi úr brautarkjarna (t.d. efnafræði/jarðfræði, 3ja mál, markaðsfræði/alþjóðaviðskipti, félagsfræði/kynjafræði)
- Nýnemar eru í 32-37 einingum á fyrstu önn
- Nemendur með einkunnina B og hærra úr grunnskóla fara sjálfkrafa í 2. þreps áfanga í dönsku, ensku, íslensku, og stærðfræði. Með einkunnina C+ fer nemandi í 1. þreps áfanga í þessum fögum



Íþróttir

- ✓ MK er í samstarfi við Sporthúsið og íþróttafélög um íþróttaiðkun nemenda. Tími á stundatöflu en nemendur geta farið þegar þeim hentar
- ✓ ÍÞRO1AA01SP (Sporthús)
- ✓ Búið er að senda inn lista í Sporthúsið. Nemendur mæta þar og gefa upp kennitölu sína og fá þá aðgang. Þeir þurfa að passa að skrá sig inn og út. Til að fá eina einingu þurfa nemendur að mæta 23svar í eina klukkustund í hvert sinn, 46 skipti gefa þeim tvær einingar, mest hægt að fá þrjár einingar á önn



Frh. íþróttir

- ✓ ÍÞRO1AA01ÞJ æfingar (íþróttafélag)
- ✓ Ef nemandi er að æfa íþróttir þarf hann að fylla út eyðublað með fjölda æfinga á viku og skila inn á skrifstofu skólans undirrituðu af þjálfara (í byrjun annar). Í lok annar þarf hann að skila inn staðfestingu á að hann hafi mætt á æfingarnar og skila inn á skrifstofu skólans undirrituðu af þjálfara og með stimpli viðkomandi íþróttafélags – annars fær nemandi ekki einingu (eyðublöð á heimasíðu eða á skrifstofu skólans)



Námsmat

- ✓ Námsmat er fjölbreytt. Mikið um verkefnavinnu þar sem vinna og frammistaða nemandans á önninni er metin
- ✓ Próf eru frá 9. – 13. des, sjúkrapróf 16. des. Próftafla verður birt í Innu og á heimasíðu skólans í október



Umsjón

- ✓ Nemendur eru með umsjónarkennara fyrstu tvö árin í bóknámi (tími einu sinni í viku fyrstu önnina) og fyrsta árið í verknámi (einu sinni í viku fyrstu tvær annir, enda ekki í læsi)
- ✓ Hlutverk umsjónarkennara er að fylgjast með námsferli, mætingum og námsvali. Hann hittir nemendur vikulega fyrstu önnina. Heldur utan um upplýsingagjöf til foreldra. Vísar málum til annarra í skólanum ef þörf er á



Námsráðgjöf

Tveir náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann og er opið hjá þeim á skólatíma



Praktískar upplýsingar

- ✓ Hafi nemandi greiningu um námsvanda er nauðsynlegt að koma þeim gögnum til námsráðgjafa. Skólinn hefur aðgang að talgervli ef einhverjir þurfa á að halda. Lokapróf í desember eru 90 mín. allir nemendur mega sitja í 120 mín.
- ✓ Nemendur fá skáp í byrjun skólaárs þar sem þeir geta geymt útiskó og námsgögn. Ekki er leyfilegt að vera í útiskóm í skólanum. Leiga á skóskáp er inni í skólagjöldum
- ✓ Mötuneyti skólans er opið 8:00 – 16:00. Heit máltíð kostar 850, hægt að kaupa 10 matarmiða á 7600. Einnig í boði samlokur, pasta, hafragrautur o.fl. Nemendur geta komið með nesti, örbylgjuofn og samlokugrill á staðnum (nánari upplýsingar á mk.is)



Upplýsingatækniver/bókasafn

- ✓ Upplýsingatækniver/bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur skólans
- ✓ Þar er góð vinnuaðstaða fyrir nemendur
- ✓ Nemendur geta prentað þar út og ljósritað en nemendur fá úthlutað prentkvóta (50 eintök) í byrjun annar
- ✓ Tölvuþjónusta skólans er staðsett í upplýsingatækniverinu. Þar geta nemendur fengið ýmiskonar aðstoð við vandamál sem upp koma vegna tölvumála
- ✓ Upplýsingatækniverið er opið meðan á kennslu stendur



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Kærar þakkir fyrir komuna
með von um gott samstarf á
næstu misserum 😊